

Nd.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er lög-giltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarum-dæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frv. þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarlið Banda-rikjanna dvelst hér á landi, beri brýna nauðsyn til að gera sérstaka skipan á yfirstjórn og framkvæmd varnarmálanna.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrár-innar á þessa leið:

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er lög-giltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarum-dæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Sauðárkróki, 2. júlí 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.